

Lerki girðingastaurar úr grisjunarvið, efni og aðferðir

Fagráðstefna skógræktar 2011 Reykjanesi við Djúp, dagana 23.-25. mars,

Bergsveinn Þórsson

Við grisjanir á ungu lerki hefur tíðkast að koma inn í skógana fyrir 20 ára aldur og grisja hressilega eða niður í 1.200 – 1.800 tré/ha og allt efni hefur verið látið liggja eftir í skóginum. Þetta hefur mörgum þótt sóun og því hafa vaknað spurningar um hvort ekki sé hægt að nýta það efni sem til fellur við þessa grisjun t.d. í girðingastaura.

Haustið 2010 gerðu Bergsveinn og Brynjar hjá Norðurlandsskógum litla athugun á hvað fengist af girðingastaurum út úr grisjununum á ungum lerki skógi og hver kostnaðurinn við það er. Athugunin var framkvæmd á þann veg að valdir voru 4 lerkireitir í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu sem voru 16,17, 19 og 22 ára gamlir. Settir voru út 3-5 100m² mælifletir í ógrisjuðum skógi og þar gerðar hefðbundnar skógmælingar á þéttleika og rúmmáli ásamt því sem vaxtarlag trjánna var metið (A tré bein og einn toppur, B tré a.m.k 2 neðstu metrar þokkalega beinir og D tré of bogin til að hægt sé að nota sem girðingastaura). Grisjað var í 16 tíma á hverjum stað. Eftir grisjun reyndist flatarmál grisjaðra svæða vera á milli 0,2 og 0,5 hektarar. Eftir grisjunina voru aftur settir út 100m² mælifletir og skógurinn mældur aftur og metin. Liggjandi bolir voru taldir og þeir svo dregnir að slóðum og þeir sagaðir í 180cm lengdir. Mælt var hvað þetta tók langan tíma. Næst voru bolirnir settir í gegnum stauravél þar sem þeir voru afberkjaðir og yddaðir. Mælt var hvað þetta tók langan tíma. Staurar sem komu úr vél voru taldir, mældir og metnir eftir hversu beinir þeir voru. Vegna snjóá náðist aðeins að vinna staura á þremur stöðum. Þó að þessi athugun sé smá í sniðum og ekki hægt segja nákvæmlega til um hvaða skógargerðir henta best í girðingastaura (þéttleiki, aldur) þá gefa niðurstöðurnar vísbindingar um hvers er að vænta út úr grisjunum á ungum lerkiskógum.

Niðurstöður eru meðaltal út úr þeim þremur grisjunum þar sem tókst að vinna staura:

- Það kostar frá 45.000 til 270.000 krónum að grisja ungan lerkiskóg. Það fer eftir því hversu margir rúmmetrar eru felldir hver kostnaðurinn verður.
- Tré sem eru 5-9 cm í brjósthæð eru nothæf í girðingastaura.
- 61% felldra trjáa eru of bogin, of lítil eða of stór til að verða girðingastaur.
- 16% af felldum trjám verða 1. flokks beinir staurar.
- 15 % verða 2. flokks snúnir staurar.
- 8% verða grannar spírur (5 sm).
- Tekjur af sölu staura munu væntanlega verða meiri en kostnaðurinn við að sækja efniviðinn og vinna staurana. Tekjur munu þó væntanlega ekki duga til að borga grisjun, útdrátt og stauravinnslu.
- Á Norður- og Austurlandi gætu fallið til samtals um 90.000 staura árlaga næstu 20 árin.